

Hafnarfjarðarbær
Anna Margrét Tómasdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Garðabær, 30. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0045
IAS

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 – Flensborgarhöfn og hluti Suðurhafnar

Vísað er í erindi frá skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar, frá 18. júlí, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna breytingar hluta miðsvæðis (M7) í svæði fyrir samfélagsþjónustu og tilfærsla og stækkun á Hamarshöfn (H6). Hafnargarðurinn flyst um 20 m til norðurs en hann verður L laga og nær garðurinn 75 m út og þar kemur 120 garður þvert á hann. Áætluð efnisþörf í garðinn er 12.000 m³ af fyllingarefni og 6.000 m³ af sprengdu grjóti og við það bætist 2.000 m³ af fyllingarefni og 1.000 m³ grjótnarefni til að forma landlínuna. Efnið er að hluta til á lager í Hamranesnámu en afgangurinn kemur annað hvort úr húsgrunnum í nágrenni hafnarinnar eða samþykktum námum í nágrenni Hafnarfjarðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugaðar breytingar en um er að ræða svæði sem þegar hefur verið raskað og er utan allra verndarsvæða. Helstu áhrif framkvæmdarinnar verða vegna landfyllingarinnar og er mikilvægt gæta þess að mengandi efni berist ekki með landfyllingunni út í sjó.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

